

VIÐTALID:

NORSK EÐA NORRÆN RÁS Á NÆSTA ÁRI

— sem myndi nást hér á landi, til umræðu á fundi norrænu ráðherranefndarinnar í morgun

Eiga Íslendingar kost á norskri eða norrænni sjónvarpsrás þegar á næsta ári? Því svarar ráðherrafrundur Norðurlanda sem hófst í morgun klukkan níu hér í Reykjavík.

„Norðmenn eiga pantaða rás í ECS fjarskiptahnettinum sem skotið verður upp á næsta ári,” sagði Halvdan Skard, forstjóri Norrænu menningarmálanefndarinnar, en hann er hér staddur vegna fundar ráðherranefndarinnar.

„Norðurlöndunum hefur verið boðið að taka þátt í samstarfi um þessa rás og hefur menningarmálanefndin komið með tillögur að slíku samstarfi sem ræddar verða á fundinum í dag.”

„Ég tel þetta vera skref á lengri braut í þróun norrænna samskipta í sjónvarpsmálum,” sagði Halvdan Skard. Nú þegar er komin reynsla á sendingar frá tilraunahnettinum OTS, en tekið hefur verið við sendingum frá honum inn á kapalkerfi í Noregi og Finnlandi. Ein norræn rás í ECS er ódýr lausn miðað við alnorrænan fjarskiptahnett, NORDSAT, sem lengi hefur verið til umræðu í Norðurlandaráði. Það myndi kosta um 490 milljónir íslenskra króna miðað við þriggja ára tímabil að starfrækja þessa einu rás en þar við bætist kostnaður vegna efnisins.

Menningarmálanefndin lagði fyrir fundinn í morgun hugmynd að því hvernig dagskrá slíkrar norrænnar rásar gæti litið út, en tekin var ein vika í maí og valið úr sjónvarpsdagskrám allra Norðurlandanna efni sem vænlegt þótti til sendingar. Tímamunurinn innan Norðurlandanna gerir erfitt fyrir því þegar henta myndi að senda barnaefni til Íslands þá er komið langt fram á kvöld í Finnlandi.

Fleiri rásir 1986?

Norrænum tilraunafjarskiptahnetti, Tele-X, verður væntanlega skotið á loft 1986. Samvinna hefur

verið um þennan hnött af hálfu Norðmanna og Svía og nú í síðustu viku tilkynntu Finnar að þeir yrðu einnig með. Í Tele-X verður rúm fyrir tvær sjónvarpsrásir og verður hægt að taka beint á móti sendingunum á hverju heimili ef vill. Ekki er enn ljóst hvort eða hvernig verður hægt að ná sendingum frá þessum hnetti hér á landi. Að sögn Halvdan Skard þarf að kanna á hvern hátt Tele-X kemur inn í frekara samstarf Norðurlandanna í sjónvarpsmálum.

Fleiri ásir 1989?

A næsta vori þarf því að taka ákvarðanir um frekara áframhald samstarfs Norðurlandanna um sjónvarpsendingar þannig að hægt verði að hefja reglulegar sendingar 1989. Þá er gert ráð fyrir þremur rásum sem þjóna myndu austurhluta Norðurlanda og einni sem ná myndi til Íslands og Færeyja. Stefnumörkun í þessu mun verða til umræðu á fundinum í dag.

Hugmynd Norðmanna með því að panta rás í ECS var að koma dagskrá norska sjónvarpsins til olíubor-pallanna í Norðursjó og jafnframt til Svalbarða. Sú sending myndi án efa nást á Íslandi. Ef norræn rás á ekki upp á pallborðið hjá ráðherranefndinni í dag þá gæti svo farið að rás tvö í íslenskum sjónvarpstækjum á næsta ári yrði norsk.

Danir hafa að nokkru staðið utan við umræðuna um móttöku gervihnattasjónvarps. Vilji var fyrir slíkra móttöku en lögin sögðu nei. En nú er verið að vinna að því að lögunum verði breytt.

„Þetta samstarf innan Norðurlandanna er framkvæmanlegt með þeim tæknibúnaði sem fyrir hendi er í dag,” sagði Halvdan Skard. Í umræðunni um Nordsat kom fram að smíða þyrfti sérstakan búnað sem gerði þá áætluð dýrari. Gert er ráð fyrir að skjóta gervihnöttunum upp með evrópskri eldflaug, Ariane.

-JR



Halvdan Skard — forstjóri Norrænu menningarmálaskrifstofunnar í Kaupmannahöfn.

DV-mynd Einar Ólason.

Afsláttur af flugi

Flugleiðir ætla að bjóða sérstakan afslátt af fargjöldum fyrir fólk utan af landsbyggðinni sem vill koma til Reykjavíkur í lok mánaðarins á Sönghátíð '83.

Sönghátíðin hefst mánudaginn 27. júní með tónleikum Gérard Souzay og Dalton Baldwin. Þriðjudaginn 28. júní eru tónleikar Glenda Maurice og Dalton Baldwin og fimmtudaginn 30. júní, Elly Ameling og Dalton Baldwin. Allir tónleikarnir verða haldnir í Austurbæjarbíói og hefjast klukkan 21.00.

-JBH.

PRESTASTEFNA HEFST Í DAG

Prestastefnan 1983 hefst í dag í Reykjavík. Í ár er minnst 500 ára afmælis Marteins Lúters um allan heim og tekur prestastefnan að sjálfsögðu mið af því.

Framsögumenn verða þeir um aðal efni stefnunnar: Hinn lúterski arfur kirkju samtímans. Sr. Jónas Gíslason dósent fjallar um siðbótarmanninn Martein Lúter, séra Þorbjörn Hlynur Arnason ræðir um guðfræði Marteins Lúters, sér í lagi hugmyndina um hinn almenna prestdóm en séra Þorbergur Kristjánsson mun taka fyrir stöðu kirkjunnar í íslensku þjóðlífi.

Synodan mun fjalla um efnið í umræðuhópum og í almennum umræðum auk annarra mála. Fundarstaður Prestastefnunnar í ár er Háskóli Íslands.

Kynning á Lútersári

Sérstök nefnd, Lútersnefndin, hefur umsjón með því kynningarstarfi sem fram fer á Lútersárinu hérlandis. Mun nefndin hafa kynningu í samkomusal Norræna hússins á myndaefni síðdegis á miðvikudag kl. 16.30 og ýmsum báttum í dagskrá kirkjunnar á afmælisárinu. Megináherslan í kynningar-

starfinu verður á haustmánuðum og er fyrirbyggjandi ýmiskonar fræðsluefni til nota í söfnuðum og öðrum félögum.

Synodus erindi í útvarpi

Að venju verða tvö erindi flutt í útvarpi á vegum Prestastefnunnar. Sr. Auður Eir Vilhjálmsdóttir fjallar um Lúterska heimssambandið en hún er þar í stjórn. Erindið hefst kl. 16.20 laugardaginn 25. júní. Daginn eftir, sunnudag 26. júní kl. 16.20, flytur séra Guðmundur Óli Ólafsson erindi sem hann nefnir: Góðverkið mikla.

Íslendingar eiga verk á norrænni myndlistarsýningu

— opnuð í Helsinki, fer síðan um Norðurlönd

Þrír íslenskir listamenn eiga verk á listsýningunni Borealis — norrænar myndir 83 sem opnuð hefur verið í Konsthallen í Helsinki. Það er Norræna listamiðstöðin í Svíavígi (Sveaborg) sem gengst fyrir sýningunni. Þar sýna alls sextán listamenn, þrír frá hverju Norðurlandanna og einn frá Færeyjum, Ingólfrur af Reyni. Íslendingarnir eru Ásgerður Búadóttir, Gunnar Örn og Magnús Tómasson.

Þetta er fyrsta stóra farandsýningin á norrænni nútímalist síðan 1976—77,

að sýningin „Augliti til auglitis” fór um Norðurlönd. Þar voru mörg íslensk verk.

Borealis — norrænar myndir 83 verður í Helsinki fram í júlí, en fer þaðan til Danmerkur, Noregs og Færeyja. Hún verður sett upp á Kjarvalsstöðum næsta sumar og lýkur í Svíþjóð haustið 1984.

Sænski myndlistarmaðurinn Tage Martin Hörling valdi verkin í samráði við þjóðardeildir norræna myndlistarbandalagsins.



Ásgerður Búadóttir, Magnús Tómasson og Gunnar Örn — eiga verk á norrænni farandsýningu.

ONKYO
HLJÓMTÆKI
SONICS
HATALARAR
SANGEAN
FERDATÆKI
HILJÓMVER
GLERAGÖTU 32 SIMI (96) 23626 AKUREYRI
STEREÓTÆKI Í BÍLA
Technico
VASATÖLVUR
TÖLVUSPIL

NÝTT!
ÍS-
VÖFLUR
fyrir ísbúðir
TOLEDO
PANTANASIMI
78924

BÍLALÉIGUBÍLAR
HERLENDIS OG ERLENDIS

iR
interRent



REYKJAVÍK 91-86915/41851
AKUREYRI 96-23515/21715
BORGARNES 93-7618
BLÖNDUÓS 95-4136
SAUÐARÁRÞÓR 95-5223
SIGLUFJÖRDUR 96-71489
HÚSAVÍK 96-41260/41851
VOPNAFJÖRDUR 97-3145/3121
EGILSSTADIR 97-1550
HÖFN HORNAFIRÐI 97-8303/8503

interRent

Reykjavík, Skrifstofa 91-86915/31615
Akureyri, Trýgghæð 14 96-23515/21715

HÁBERG HF. AUGLÝSIR

fyrir bílinn:

STARTARA, ALTERNATORA,
nýja og verksmiðju-
uppgerða, ásamt varahlutum.
SPENNUSTILLA (Cut-out),
landsins besta úrval.
MIÐSTÖÐVAMÓTORA
RAFMAGNS-BENSÍNDÆLUR
STEFNULJÓSABLIKKARA
RELAY, 12V og 24V
KVEIKJUHLUTI
KERTAPRÆÐI
HÁSPENNUKEFLI
KERTI, BOSCH—SUPER
SÍUR, allar gerðir
LJÓSAPEPUR, SAMLOKUR
ÞURRUMÓTORA
HÖGGDEYFA
SPÍSSADÍSUR
GLÓÐARKERTI
SKIPTIROFA, 12V/24V
BÚKKAMÓTORA, DÆLUR
LUMENITION
MARK—II
HLEÐSLUTÆKI
TÍMABYSSUR
AFGASMÆLA

HÁBERG HF.
Skeifunni 5,
sími 91-84788.

